## LEIÐBEININGAR

# VEITA UMBOÐ FYRIR LÖGAÐILA

# Viðskiptavefur KS

Einstaklingar með staðfest tengsl við fyrirtæki (s.s. prókúruhafi eða aðgang að heimabanka) geta veitt einstaklingum, og sjálfum sér þar með, umboð fyrir hönd fyrirtækisins.

Til að staðfesta tengsl við fyrirtæki í gegnum heimabanka fyrirtækisins þarf að fylgja leiðbeiningunum hér áður en haldið er áfram.

Til að veita umboð

1. Farðu á umboðsform á vefslóðinni https://login.signet.is/Home/Form/15
2. Skráðu þig inn með þínum persónulegu rafrænu skilríkjum




Eftir innskráninguna birtist valmynd þar sem má gefa einstaklingum aðgang að vef Kaupfélags Skagfirðinga (svf.) fyrir hönd lögaðila.

**Veita umboð fyrir:** Ef þú ert prókúruhafi eða með staðfest tengsl við fyrirtæki getur þú valið að veita umboð fyrir hönd lögaðila og valið lögaðila úr listanum.

**Umboðshafi:** Settu kennitölu þess sem á að fá aðgang fyrir þína hönd/hönd lögaðilans.

**Gildir til:** Veldu dagsetningu í valglugganum fyrir hve lengi umboðshafi á að hafa aðgang fyrir hönd lögaðilans.

Þegar búið er að fylla inn upplýsingar er smellt á hnappinn **Veita umboð** til að staðfesta.




Eftir að ýtt hefur verið á **Veita umboð** birtist mynd þar sem hægt er að fara yfir og staðfesta umboðsveitinguna.

Þegar ýtt er á staðfesta fer af stað vinnsla þar sem umboðið er útbúið.

Nú getur umboðshafi skráð sig inn á viðskiptavef Kaupfélags Skagfirðinga í umboði lögaðilans.